

Mánudaginn 5. dez. 1932.

Nr. 117/1932. **Árni Sigfússon** (Stefán J. Stefánsson)
gegn

**Stefáni Árnasyni og Sigurði Ingi-
mundarsyni** (Enginn).

Krafa um ómerkingu uppboðs eigi tekin til greina.

Úrskurður uppboðsréttar Vestmannaeyja 2. marz 1932:
Hið umbeðna uppboð á fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu stefnda, Stefáns Árnasonar, var hinn 26. ág. 1931 framkvæmt fjárnám hjá áfrýjanda til greiðslu á dómskuld, sem nam með vöxtum og kostnaði kr. 623,70. Með því að áfrýjandi gat eigi greitt skuldina var eftir framvísun hans gert fjárnám í dómkröfu, er hann átti á hendur meðstefna, Sigurði Ingimundarsyni, að upphæð kr. 4836,36. Premur dögum eftir að fjárnám þetta fór fram eða 29. s. m., voru ýmsar vefnaðarvörur seldar á opinberu uppboði í Vestmannaeyjum eftir kröfu stefnda, Stefáns Árnasonar, og lét hann á því uppboði einnig bjóða upp og selja fyrrgreinda dómkröfu og varð sjálfur hæstbjóðandi að henni fyrir 50 kr.

Með því að áfrýjandi taldi, að uppboðið á dómkröfunni hefði eigi verið auglýst lögum samkvæmt, áfrýjaði hann uppboðinu að þessu leyti til hæstaréttar og var uppboðssalan á dómkröfunni felld úr gildi með dómi hæstaréttar 20. júní þ. á., en áður en dómur þessi var kveðinn upp eða hinn 2. marz þ. á., lét stefndi, Stefán Árnason, fara fram uppboð í annað sinn á nefndri dómkröfu á hendur

Sigurði Ingimundarsyni. Áfrýjandi mætti á þessu síðara uppboði og mótmælti því að uppboðið næði fram að ganga, þar sem fyrra uppboðið á sömu dómkröfu væri undir áfrýjun, en þessum mótmælum áfrýjanda gegn framgangi uppboðsins var hrundið með úrskurði uppboðshaldara og var dómkrafan því næst seld hæstbjóðanda, meðstefndum Sigurði Ingimundarsyni, fyrir 310 kr.

Þessum úrskurði og eftirfarandi uppboðsgerð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 20. ág. þ. á., en með því að hinir stefndu hafa eigi mætt í málinu, hefir það verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð verði úr gildi feld af þeirri ástæðu, að uppboðið 2. marz þ. á. hafi farið fram áður en uppboðið 29. ág. 1931 hafi verið á lögformlegan hátt úr gildi fellt.

Þar sem stefndi, Stefán Árnason afsalaði sér í uppboðsréttinum 2. marz þ. á., rétti til hinnar stefndu dómkröfu samkvæmt uppboðinu 29. ág. f. á. og eigi verður séð, að áfrýjandi hafi beðið nokkurn halla við það að síðara uppboðið var haldið áður en fyrra uppboðið var fellt úr gildi, þá verður þessi ástæða hans fyrir ómerkingu uppboðsins eigi tekin til greina.

Í öðru lagi krefst áfrýjandi þess, að uppboðið verði ómerkt af þeirri ástæðu, að uppboðið hafi ekki verið auglýst með 8 daga fyrirvara svo sem fyrir sé mælt í 38. gr. í lögum nr. 27 frá 1921.

Það sést nú af skjölum málsins, að uppboðið hefir verið auglýst með uppboðsauglýsingu, útgef-

inni af uppboðsráðandanum í Vestmannaeyjum 26. febr. 1932, birtri í vikublaðinu Víði, er út kom 27. s. m., og með uppfestri auglýsingu í kaupstaðnum með 5 daga fyrirvara og hefir áfrýjandi enn fremur viðurkennt, að uppboðshaldari hafi hinn 29. s. m. sent sér eintak það af vikublaðinu Víði, er uppboðsauglýsingin var í. Þegar þar við bætist, að áfrýjandi mætti sjálfur á uppboðsþinginu og hreyfði þar engum mótmælum gegn auglýsingu uppboðsins, þykir ekki ástæða til að ómerkja uppboðið af þessari ástæðu.

Þar sem stefndu hafa eigi mætt í málinu fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og uppboðsgerð skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með beiðninni á rjskj. 1 hefir Stefán Árnason fallið frá rétti þeim, er hann kynni að hafa öðlzt skv. kaupunum á umræddri dómkröfu, með því að biðja nú um að hún sé aftur seld. Þar eð fjárnáminu, sem uppboðsbeiðnin styðst við, og nefnt er í hinni sýndu hæstaréttarstefnu, að gert hafi verið 26. ágúst f. á. og hafi verið grundvöllur uppboðsins eftir henni, virðist ekki hafa verið áfrýjað, stendur uppboðsbeiðandi samkvæmt þessu sem formlegur umráðamaður nefndrar dómkröfu og á því rétt til að fá hana selda, þar sem það, eins og áður er tekið fram, hlýtur að skoðast meining hans með beiðninni um endursölu, að falla frá hinni fyrri sölu. Hitt er annað mál, að Árni Sigfússon getur, ef hann óskar, látið hæstarétt dæma um gildi fyrra uppboðsins enda þótt það sé afturkallað án þess að þessi réttur hafi neitt um það að segja.
